



Fundur í sveitarstjórn.

10. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu á Þórshöfn miðvikudaginn 15. október 2014 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Reynir Atli Jónsson, Dagrún Þórisdóttir, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaoddiviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 819. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. september 2014**
Lögð fram til kynningar
- 2. Ályktanir frá aðalfundi Eyþings 2014**
Lagðar fram til kynningar
Siggeir kom inn á nokkur atriðið sem tekin voru fyrir á aðalfundi Eyþings.
- 3. Bréf til þingamanna NA-kjördæmis dags. 3. október 2014**
Bréfið var sent þingmönnum í kjölfar fundar með fulltúum sveitarstjórnar Langanesbyggðar í kjördæmavíkunni.
Bréfið lagt fram til kynningar
- 4. Bréf til stofnfjáreigenda í Sparisjóði Norðurlands dags 30. september 2014**
Lagt fram til kynningar
- 5. Umsögn um lýsingu vegna deiliskipulags kirkju og kirkjugarðs á Þórshöfn, Langanesbyggð dags 2. október 2014**
Sveitarstjóri fór yfir málið. Ákveðið að leggja lýsinguna fram til kynningar á skrifstofu og á heimasíðu eins og lög gera ráð fyrir. Samþykkt samhljóða.
- 6. Fjárframlög til héraðsskjalasafna á fjárlögum 2015 – Ályktun frá ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða á Íslandi**
Lagt fram til kynningar
- 7. Endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna refaveiða**
Lagt fram til kynningar

**8. Skoðun heilbrigðisfulltrúa á Íþróttahúsinu á Þórshöfn**

Lagt fram til kynningar. Viðhaldspörf á íþróttahúsinu rædd. Nú er bæði búið að láta gera viðhaldsskýrslu, fá skoðun heilbrigðiseftirlitsins á húsinu og vinnueftirlitinu sem gefa ákveðna mynd af ástandi þess. Sveitarstjórn vísar málinu til frekari vinnslu við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2015. Samþykkt samhljóða.

9. Rekstrarleyfi fyrir KNA veitingar ehf

Kadri Laube sækir um fyrir hönd KNA veitingar ehf kt. 590914-1180 um nýtt leyfi til veitingarhúsreksturs að Eyravegi 3. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða rekstrarleyfi fyrir KNA veitingar ehf. Jafnframt óskar sveitarstjórn Kadri og Nikola til hamingju með nýja fyrirtækið. Skrifstofustjóra falið að svara erindinu.

10. Tillaga að breyttum strandveiðum ásamt undirskriftalista

Tillaga að breyttum strandveiðum ásamt undirskriftalista með rúmlega 200 undirskriftum var send til sveitarstjórnar Langanesbyggðar. Sveitarstjórn Langanesbyggðar þakkar fyrir tillögurnar og tekur undir anda þeirra. Sveitarstjóra falið að koma tillögunum og undirskriftalistanum áfram ásamt bréfi frá sveitarstjórn til Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samráði við þá sem stóðu að undirskriftalistanum. Einnig að senda afrit á þingmenn Norðausturkjördæmis. Samþykkt samhljóða.

11. Námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórn

Námskeið á vegum Eyþings fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum verður haldið á Akureyri 27. október og á Húsavík 28. október. Upplýsingar um nánari tímasetningu eru ókomnar. Skrifstofustjóra falið að senda nánari upplýsingar þegar þær berast og sjá um að skrá á námskeiðið.

12. Ósk um samstarf við Langanesbyggð um DAI kortið

Fram komu 2 tillögur að afgreiðslu. Tillaga kom fram að vísa málinu til atvinnu- menningar og ferðamálanefndar 3 samþykktu tillöguna og Dagrún, Hulda, Reynir og Þorsteinn voru á móti. Þá var lagt til að erindinu verði hafnað. Samþykkt með 4 atkvæðum og Siggeir, Halldóra og Ásberg voru á móti.

13. Fjármálaráðs Stefna sveitarfélaga 2014

Sveitarstjóri, skrifstofustjóri og oddviti sóttu ráðstefnuna. Sveitarstjóri fór yfir í stórum dráttum það sem var í boði á Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2014. Sveitarstjórnarmenn hvattir til að kynna sér þau erindi sem þar voru í boði en þau má nálgast á heimasíðu sambandsins.

14. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2014

Sveitarstjóri sótti fundinn fyrir hönd Langanesbyggðar og kynnti það sem þar fór fram.

15. Skýrsla sveitarstjóra**a. Útkomuspá 2014.**

Sveitarstjóri fór yfir útkomuspá fyrir 2014. Tekjur eru minni og launakostnaður er að fara fram úr áætlun. Nánari sundurliðanir verða unnar á næstu dögum og sendar á sveitarstjórnarmenn.



b. Fjárhagsáætlun 2015

Fjárhagsáætlunin fyrir árið 2015 mun byggja á útkomuspá 2014. Margir möguleikar í fjárhagsáætlanagerðinni eru innbyggðir í bókhaldskerfinu sem við ætlum okkur í áætlanagerðinni 2015 m.a. launaáætlun sem er stærsti kostnaðarliður sveitarfélagsins. Farið yfir vinnuna sem framundan er í fjárhagsáætlanagerðinni.

c. Veðifélagsfundurinn við Hafralónsá

Þar var verið að leggja fyrir tilboð um áframhaldandi leigu núverandi leigutaka árinna. Niðurstaðan var að tilboðið sem fyrir lá var samþykkt.

d. Önnur mál

Sveitarstjóri hefur ekki náð að funda með íbúasamtökunum á Bakkafirði en það liggur fyrir að funda á mánudaginn næsta.

Sveitarstjóri kynnti að slökkvibíllinn er kominn til landsins. Kaupin eru að rúmas innan fjárhagsáætlunnar en þau eru í efri mörkum hennar.

Sveitarstjóri fór yfir málefni sem rædd voru á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum. Þar var mikil umræða um varmadælur.

Sveitarstjóri kynnti að búið er að úthluta byggðarkvóta fyrir fiskveiðiaríð 2014/2015

Þá kynnti sveitarstjóri að stjórn Byggðastofnunar mun halda stjórnarfund á Þórshöfn föstudaginn 17. október 2014. Sveitarstjórn stendur til boða að koma og borða með stjórninni og eiga smá fund með þeim í framhaldinu í hádeginu á föstudaginn.

Samráðshópur um raforkumál mun funda á Þórshöfn í næstu viku.

Næsti fundur sveitarstjórnar ætti að vera 24. október. Lagt til að næsti fundur verði haldinn miðvikudaginn 29. október kl 17:00. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:20